

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, 185. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald á nokkra vöruflokka hækki. Úrvinnslusjóður byggir á framleiðandaábyrgð og er rekinn á þann hátt að greiðslur fyrir hvern vöruflokk skulu standa undir kostnaði við endurvinnslu vörurnar. Sjóðurinn er deildarskiptur, greiðslum fyrir hvern vöruflokk er haldið aðskildum og stefnt er að því að halda jafnvægi í álagningu og útgjöldum. Í upphafi var nokkur sjóðsmyndun í einstaka vöruflokkum, en aðrir hafa verið með jafnari rekstur. Á síðustu tveimur árum hefur gengið á sjóðinn vegna aðstæðna á markaði. Það er í samræmi við rekstrarfyrirkomulag sjóðsins að stilla gjaldið af miðað við stöðu einstakra sjóða. Á sama tíma er verið að vinna að sparnaði í útgjöldum. Stefnt er að því að ná sjóðum, sem eru með neikvæða stöðu, í jákvæða stöðu innan fárra ára.

Það er bagalegt að hækka eigi gjöldin á tímum samdráttar og það bendir það til ágalla í kerfinu. Umsagnaraðilar styðja frumvarpið en samtökin munu skoða hvernig hægt er að stýra sjóðnum með jafnari innheimtu.


Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,  
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir,  
Samtök iðnaðarins

  
Andrés Magnússon,  
SVP – Samtök verslunar og þjónustu